



Nemendur í 8.-10.bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri.

Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. **Valið er um tvö mismunandi námskeið**; annað kennt á **Þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 7 eða 8 vikur. Að þessu sinni velja nemendur námskeið fyrir 2. tímabil sem tekur yfir nóvember, desember og fram í janúar.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálstu vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi. Nemendur hafa þá frjálssar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímuna kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið. Mikilvægt er að foreldrar & forsjáraðilar staðfesti með undirskrift á valblaðinu að þeir samþykki að barn þeirra velji utanskólaval og staðfesti sömuleiðis þann tímafiðla sem barnið skilar í frístundum.

Í haust voru samþykktar breytingar á aðalnámskrá og þá felld út ákvæði um að meta mætti launaða vinnu sem utanskólaval. Á 3. og 4. tímabili verður því þátttaka í atvinnulífi ekki lengur metin sem utanskólaval.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólókið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að staðfesta val barna sinna á þar til gerðu valblaði.

Nemendur fara heim með blaðið föstudaginn 9. janúar og þurfa að skila því mánudaginn 13. janúar.

Nemendur í 9.- 10.bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

Tímabil 3

28. janúar – 18. mars

Þriðjudagsval	13.50 – 15.10
Kafað í körfubolta	
Legu (framhald frá tímabili 2)	
Leirmótun	
Bakstur	
Spilamenska - allskonar	
Skreytilist (textíl)	
Frístund	
Utanskólaval (sjá skýringar)	

16. janúar – 13. mars

Fimmtudagsval	13.50 – 15.10
Fatasaumur	
Listmálun	
Bakstur	
Skólahreysti	
Yndislestur	
Frístund	
Nemendaráð (sama og fyrir jól)	
LAN (Nýung)	
Utanskólaval (sjá skýringar)	

Tímabil 3

Þriðjudagsval

28. janúar – 18. mars

kl. 13.50 – 15.10

Kafað í körfubolta

Markmið

Nemendur kynna sér ýmsa þætti körfuknattleiks, ræða og ráðgera. Allt frá þróun og uppgangi leiksins á alþjóðlegu sviði yfir í þjálfunaraðferðir og taktík.

Umræður og sjálfstæð vinna nemenda.

Námsmat

Metin færni nemenda við að taka þátt í umræðum og afla upplýsinga.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson
Staður: Stofa 24



LEGO

Lýsing

Ýmsar tilraunir með LEGO; forritun á vélmennum, uppsetning á brautum o.fl.

Nýtt LEGO-sett frá fyrri LEGO-keppnum. – Námskeiðið er bæði opið fyrir þá sem voru í Lego á síðasta tímabili en einnig fyrir nýja þáttakendur sem hafa áhuga á LEGO.

Námsmat

Virkni í tímum og áhugi

Kennari: Sæbjörn Guðlaugsson
Staður: Stofa 21



Leirmótun



Markmið

Nemendur fáist við einföld fjölbreytt verkefni þar sem þau hugsa á skapandi hátt. Búi t.d. til eitthvað frá náttúrunni, skúlptúra úr fantasíum, raunveruleikanum eða móti úr leir uppáhalds hlutina sína. Lengd námskeiðs miðast við að nemandi ljúki við tvo meðalstóra leirmuni eða fleiri minni.

Vinnan þín

- o Hvað vilt þú búa til? Leirstyttur, leirskálar, leirkrúsir, bakkar o.s.frv.
- o Þú hefur tíma til að kanna mismunandi tækni og stíl annara fyrir innblástur.
- o Ekki skilyrði en gott er að þú skissir upp hluti í þrívídd með réttum hlutföllum og skráir leirtegund og glerjunga.
- o Varðveitir allar hugmyndir ef tími er fyrir aukahlut.
- o Síðan mótar þú eftir teikningunni í nokkuð réttum hlutföllum, glerjar og brennir.
- o Þú rifjar upp hvernig hugsa þarf um blautan leirmun í mótun frá byrjun til enda.
- o Klárar þinn persónulega hlut/hluti og tekur með þér heim.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



Bakstur

Í þessu vali kynnast nemendur mismunandi bakstursaðferðum eins og gerbakstri og þá bæði brauð- og sætmeti.

- o Hrærðum, þeyttum og hnoðuðum kökum og tertum.
- o Steiktu brauði, skyr- og ostakökum.



Förum yfir hvernig hægt er að gera bakstur hollari með því að auka heilkorn og minnka sykur.

Námsefnið verður fjölbreytt og fræðilegir þættir fléttaðir inn í verklega vinnu. Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Markmið

- Að nemendur tileinki sér góð og snyrtileg vinnubrögð.
- Þjálfri bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að geta unnið með öðrum.
- Kynnist mismunandi bakstursaðferðum.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Guðrún Helga Elvarsdóttir og **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir**

Staður: Heimilisfræðistofa



Spilamennska – alls konar



Kennari: Íris Sverrisdóttir
Staður: 20

Í þessum valáfanga ætlum við að kynnst allskonar spilum, njóta þess að vera saman.

Markmið er að nemendur...

- Kynnist mismunandi spilum
- Njóti þess að spila með öðrum
- Víkki sjóndeildarhringinn hvað sé hægt að gera með fjölskyldu og vinum

Námsmat: Virkni í tímum og áhugi



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í

Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir
Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



Skreytilist (textíl)

Markmið

Að nemendur öðlist skilning á þeim fjölmörgu aðferðum sem notaðar eru í textíliðnaði og hönnun til skreytingar. Að nemendur fái tækifæri til að prófa mismunandi aðferðir til skreytinga á textíl.

Verkefni

Skoðaðar og prófaðar verða með mismunandi aðferðir við skreytingar á textíl.

- Mismunandi aðferðir við að lita efni, t.d. tiedye, íslitun, jurtalitun
- Nokkrar mismunandi aðferðir við þrykk
- Útsaumur til skreytinga bæði í saumavél og höndunum
- Ásaumur - hvað er hægt að nota til að skreyta
- Prentun – prófaðar mismunandi efni til að prenta myndir á efni



Unnar prufur með hverri tækni fyrir sig og þær settar upp í verkefnabók ásamt verklýsingum. Lögð áhersla á að nemendur séu virkir í að skrá niður aðferðir og efni þannig að verklýsingar séu skýrar og góðar.

Kennari: Esther Kjartansdóttir
Staður: Textílmenntastofa



Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bibí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, er í tómstundastarfi eða annað íget ég fengið utanskólaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Tímabil 3

Fimmtudagsval

16. janúar – 13. mars

kl. 13.50 – 15.10

Fatasaumur / góðverk

Hvernig getum við látið gott af okkur leiða ?

- ♥ Við ætlum að kynna okkur þau góðgerðar og hjálparsamtök sem eru í kringum okkur og samtök á heimsvísu.
- ♥ Við ætlum að taka þátt í góðgerðarverkendum s.s. föt sem framlag á vegum *Rauða krossins*. Fataverkefni *Frú Ragnheiðar* á vegum *Rauða krossins*, Dress a girl around the world verkefninu og Sjúkrabílaböngsum.



Nemendur taka þátt í mismunandi verkefnum, láta gott af sér leiða. Nemendur bera ábyrgð á þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur og þurfa að tryggja að þeim sé lokið á tímabilinu.

Námsmat:

- Valbók,
- Frammistöðumat út frá lykilhæfni og hæfni á námssviði
- Virkni og frumkvæði
- Sjálfsmat nemenda



Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa

Listmálun

Markmið

- Að kanna málverkið sem listmiðil og ekki endilega lokaútkoman að gera fullkomin verk.
- Að skapa myndverk út frá eigin áhuga og úr eigin hugarheimi.
- Vinna myndir með tengingu við eigin reynslu og áhuga á að bæta færni sína í málun.

Vinnan

Í myndlist eru engin rétt eða röng svör við hvernig mynd á að líta út. Áhersla er á tilraunavinnu. Myndefni og stærð mynda er alveg að eigin ósk, litasamsetning sem passar við hvernig hver og einn nemandi vill vinna, leiðbeint er með pensiláferð, litatóna, skyggingu og stíl.

Málað á pappír og striga:

- Teikna myndefni og undirbúa myndflöt fyrir málun.

· Velja efnið olíulitir, vatnslitir og akryllitir.



Nemendur eru hvattir til að nýta saman ólíkt efni, málningu, krítar og liti í fjölbreytta litasamsetningu og nota ríkulega af hvítum og svörtum til að tóna liti.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa

Bakstur

Í þessu vali kynnast nemendur mismunandi bakstursaðferðum eins og gerbakstri og þá bæði brauð- og sætmeti.

- Hrærðum, þeyttum og hnoðuðum kökum og tertum.
- Steiktu brauði, skyr- og ostakökum.



Förum yfir hvernig hægt er að gera bakstur hollari með því að auka heilkorn og minnka sykur.

Námsefnið verður fjölbreytt og fræðilegir þættir fléttaðir inn í verklega vinnu.

Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.


Markmið

- Að nemendur tileinki sér góð og snyrtileg vinnubrögð.
- Þjálfri bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að geta unnið með öðrum.
- Kynnist mismunandi bakstursaðferðum.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Guðrún Helga Elvarsdóttir** og Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir

Staður: Heimilisfræðistofa



Skólahreysti

Skólahreysti er liðakeppni sem er haldin árlega þar sem nemendur í 9. og 10. bekk keppa í hreystigreinum. Egilsstaðaskóli hefur sent lið í keppnina undanfarin ár.

Í Skólahreysti-vali fer fram undirbúningur fyrir þátttöku í Skólahreysti. Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið námskeiðið en aðeins þeir sem eru í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í keppninni. Undirbúningur felst í æfingum í þeim greinum sem er keppt í og auk þess styrktarþjálfun.

Námsmat: Virkni í tímum

Kennari: Valgeir Sveinn Eyþórsson

Staður: Íþróttahús



Yndislestur

Lýsing

Nemendur lesa bæði valda texta og eins texta að eigin vali. Þeir halda leiðarbók og kynna það sem þeir hafa lesið hver fyrir öðrum í hópnum. Að auki velja nemendur sér eina bók og gera grein fyrir efni hennar í viðtali við kennara.

Markmið:

- Að nemendur njóti lesturs.
- Að nemendur lesi mismunandi bókmenntatexta. Til dæmis þjóðsögur, ævintýri, smásögur og skáldsögur.
- Að nemendur geti greint frá efni þeirra bóka sem þeir hafa lesið.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Bókasafn / stofur 25 og 26



Nemendaráð

Nemendaráð, sem tók til starfa fyrir áramót, heldur áfram starfi sínu.

Valið gildir út allt skólaárið og snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærri viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar. Fundartími nemendaráðs er í val tímum.



Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- ✓ Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendarymin notaleg.
- ✓ Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- ✓ Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi

LAN - klúbbur

Mæting í LAN klúbb í Nýung einn laugardag.

Einn laugardag í nóvember eða desember mun hópurinn koma saman í Nýung og LAN-a.

Klúbburinn byrjar um hádegið og stendur fram eftir degi.

Meðlimir lan klúbbsins þurfa að koma með eigin Playstation tölvur, tölvuskjá/sjónvarp og fjöltengi.

Félagsmiðstöðin Nýung ber ekki ábyrgð á tækjabúnaði.

Leikir bannaðir innan 16 ára verða ekki leyfðir í þessum klúbbi.



Mikilvægt er að mæta undirbúinn með því að ganga úr skugga um að tölvurnar séu tilbúnar þegar mætt er til leiks hvað varðar leiki, update og annað sem fylgir.

Nemendur, sem ekki voru í LAN á val tímabili 2, hafa forgang í valið á tímabili 3. Aðeins er hægt að hafa 10 þátttakendur í hvert skipti.

Hægt er að velja LAN að hámarki í 2 skipti.

Umsjónarmaður: Ármann Davíðsson

Staður: Nýung

Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.



Þáttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í

Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Þórdís Kristvinsdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, tek þátt í tómstundum eða annað íget ég fengið utanskólaval annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

